

**2. gr.**

3. mgr. 46. gr. hefst svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. grein tekur til, ásamt gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

**3. gr.**

Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

**4. gr.**

Ný 4. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Pegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætla Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinn áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Á árinu 1977 skal álagningaráðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl., til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.
3. Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkris, sykraudur og lakkrisvörur .....	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a. ....	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað .....	1 kg	45,60
05	Karamellur .....	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum .....	1 kg	45,60
09	Aðrar .....	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaði og ís húðaður með súkkulaði .....		0,00
úr 18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ.e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm .....	1 kg	20,80
úr 18.06.04	Annað .....	1 kg	45,60
úr 18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt .....	1 kg	45,60
úr 18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt .....	1 kg	45,60
úr 18.06.09	Annars .....	1 kg	45,60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru .....	1 l	13,20
22.02.01	Gosdrykkir .....	1 l	13,00
22.02.09	Annað .....	1 l	13,00
22.03.01	Maltöl og annað yfirgerjað öl sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhólmagni miðað við rúmmál .....	1 l	10,80
úr 22.03.09	Annað .....	1 l	13,80

## 2. gr.

12. gr. orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða til Styrktarsjóðs vangefinna framlag, er nemur 7,00 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til 31. desember 1977.

*Gjört að Bessastöðum 28. desember 1976.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1., 2., 3. og 4. gr. laga nr. 20/1976) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1977 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum: